



## **Kveðja frá forseta Íslands**

Snæfellsnesið er undraheimur náttúrunnar. Litadýrð ólíkra eldfjalla, hvít tign jökulsins, grænir balar, mosagróið hraunið, klettótt ströndin, hundruð eyja og hólma á flóanum og víðáttan í allar áttir.

Í raun eru heimaslóðir lúðrasveitarinnar Snæs eins konar sinfonía sköpunarverksins og því við hæfi að ungt tónlistarfólk beri þaðan kveðjur og árnaðaróskir til Englands.

Þegar lúðrarnir hljóma, flauturnar syngja og bumbur eru barðar er sem náttúruöflin leiki undir í huganum og hægt er að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn: eldgos, jökulís, öldurót, fuglamergð – og fjörugt mannlíf.

Á undanförunum árum hefur ungt tónlistarfólk auðgað íslenska menningu á margvíslegan hátt. Lúðrasveitin frá Snæfellsnesi er glæsilegur fulltrúi þeirrar framþróunar í menntun og listalífi.

Ég óska ykkur góðrar ferðar og bið fyrir kærar kveðjur til Englands sem fóstaraði mig vel þegar ég ungur stúdent hóf þar háskólanám í þann mund sem Bítlarnir og annað ungt fólk var að umbylta tónlist nútímans.

sign.